

Nd.

46. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á lögum nr. 12 1970, um menntaskóla.

Flm.: Jónas Pétursson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist svo:

Í stað orðanna „einn á Ísafirði og einn á Austurlandi“ í lok 1. málsgreinar komi: einn á Ísafirði og einn á Eiðum á Fljótsdalshéraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntaskólalögin kveða á um menntaskóla á Austurlandi. En Austurland er stórt og er því býsna óákveðið, hvar hann skuli rísa. Og víst er, að hann ris aldrei á legg, nema þrengt sé að, hvar grunnur hans skal vera. Nokkrir tilburðir hafa verið um staðarval. Menntaskólanefnd, sem sett var á stofn á Austurlandi að frumkvæði alþingismanna kjördæmisins, spurði allar hreppsnefndir og bæjarstjórnir í kjördæminu áhlits um það, hvar skólinn skyldi vera. Fjórir staðir voru tilgreindir: Neskaupstaður, Egilsstaðir, Eiðar, Reyðarfjörður. Aðeins ein tillaga var um Reyðarfjörð, en flestar með Eiðum og Egilsstöðum. Tvær leiðir voru farnar til að meta niðurstöðu: Fjöldi hreppsnefnda og fjöldi íbúa bak við hreppsnefndirnar. Niðurstaða er þó engin. Mér leiðist þóf þetta. Menntaskóli er tekinn til starfa á Ísafirði. Þrír eru þeir orðnir í Reykjavík. Nýjar raddir eru að koma fram um nýja staði, t. d. Flensborg, jafnvel víðar. Á meðan horfa Austfirðingar hver á annan og hver situr við sinn keip. Lágur tölur halda áfram að prýða fjárlög og fjárlagafrumvarp til menntaskóla á Austurlandi. En þær koma þó að gagni — um sinn reyndar öðrum menntaskólum, þar sem eining er betri að baki.

Hér þarf að höggva á hnút. Alþingi á að gera það. Menntaskólar hafa yfirleitt vaxið upp af áður byggðum grunni. Elzta menntastofnun Austurlands er á Eiðum. Alþingi skuldbatt ríkið fyrir meira en 50 árum til að halda uppi „æðri alþýðuskóla“ á Eiðum eða öðrum hentugum stað i Múlaþingi. Hvað er „æðri alþýðuskóli“ i skólakerfinu nú? Ekkert annað en menntaskóli. Nú er að standa við það eftir breyttri tíð. Og byggja á þeim grunni, sem á Eiðum er, og auka við eftir þörfum. Fyrsti bekkur fyrsta ár og svo áfram. Stöðva eftir megni „atgervisflóttu“ frá Austurlandi — og veita viðnámið nú þegar. Til þess þarf að taka ákvörðun um staðinn. Eiðar hafa skólamerki, þrjú M, sem tákna: Manngófgi. Manntak. Mannvit. Á þessum grunni er gott að byggja. Breytt tilhögun i skólakerfi gerir það að verkum, að hlutverki Eiðaskóla er brátt meira og minna lokið i núverandi mynd. Staðurinn þar fer að bíða eftir menntaskólanum. Ákvörðunin á að koma nú þegar, og þess vegna er þetta frv. flutt. Nánar verður væntanlega að málinu vikið i umræðu.